

Fimmtudaginn 18. febrúar 1993.

Nr. 263/1989. **Örn Guðmundsson**

(Hilmar Ingimundarson hrl.)

gegn

Gámaþjónustunni hf.

(Atli Gíslason hrl.).

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henryrson og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 29. júní 1989 að fengnu áfrýjunarleyfi 21. sama mánaðar. Hann krefst þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað frá héraðsdómi, til vara, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda, og til þrautavara, að kröfufjárhæð stefnda verði stórlækkuð. Þá krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Sumarið 1987 var áfrýjandi ráðinn til þess af Ríkisútvarpinu og Hafrannsóknastofnun að rífa og fjarlægja innréttingar í húsnæði að Skúlagötu 4 í Reykjavík, sem Ríkisútvarpið hafði haft á leigu. Í fyrstu stóð til að koma fyrir rennu utan á húsinu til flutnings á úrgangi af 6. hæð í opna gáma á jörðu niðri, en frá þeirri ráðagerð var horfið og ákveðið í þess stað að fá krana til að lyfta gámunum upp að 6. hæð og ryðja í þá úrganginum út um glugga. Var stefndi fenginn til að láta í té í þessu skyni þrjá gáma, er hann átti. Kom hann fyrir á þeim nauðsynlegum búnaði til hífingar. Hann hafði og milligöngu um útvegum krana. Honum stjórnaði Gottskálf Jón Bjarnason, sem virðist hafa verið eigandi kranans. Einfaldur vír var hafður í bómu kranans við hífingu gámanna. Þeir voru fluttir burt til losunar á sérstaklega útbúnum bifreiðum í eigu stefnda. Framkvæmdir þessar áttu sér stað þeim megin hússins, sem að Skúlagötu snýr.

Síðdegis 19. eða 26. september slitnaði kranavírin, er hlöðnum

gámi var slakað niður. Hrapaði hann úr töluverðri hæð og lenti ofan á tveim tómum gámum á jörðu niðri. Má ráða af ljósmyndum, sem teknar voru á vettvangi, að gámarnir hafi allir skemmst mikið. Slys urðu ekki á mönnum. Engin rannsókn fór fram vegna þessa atburðar.

Með hliðsjón af kröfum um öryggi gegn slysum á vinnustöðum, sem lög áskilja, sbr. t. d. ýmis ákvæði í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, og vegna slyshættu, sem yfir vofði, eins og að umræddu verki var staðið, var rétt og skylt, að fram færi opinber rannsókn lögreglu og Vinnueftirlits í kjölfar þessa atburðar, sbr. 12. tl. 2. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974, 4. mgr. 81. gr. laga nr. 46/1980 og 1. mgr. 1. gr. reglna um tilkynningu vinnuslysa nr. 612/1989.

Stefnda var skylt eins og öðrum, sem beinan hlut áttu að umræddu verki, að gera gangskör að því, að opinber rannsókn færi fram. Þar sem rannsókn fórst fyrir, er ekkert vitað um ástand kranavírsins eða styrkleika hans með tilliti til þess þunga, sem á honum mæddi; alveg er á huldu, hve þungur gámurinn var, sem hrapaði niður, og óvissa er um, við hvern eða hverja er að sakast um það, sem aflaga kann að hafa farið við framkvæmd verksins.

Fyrir stefnda sem tjónþola var slík rannsókn mikilvæg til að tryggja sönnur fyrir skilyrðum bótaábyrgðar á tjóni hans, enda kom á daginn, þegar á reyndi, að hver þeirra, sem stefndi beindi að bótakröfu sinni, vísaði á annan.

Jafnframt var brýn og augljós nauðsyn þess, að stefndi tryggði sér viðhlítandi sönnur fyrir tjóni sínu. Í því skyni var óhjákvæmilegt, að fram færi skoðun sérfróðra manna á umræddum gámum, að fengið væri rökstutt álit þeirra á möguleikum á viðgerð og mat á viðgerðarkostnaði, ef því var að skipta. Engra upplýsinga nýtur í málinu um þessi mikilsverðu atriði, og hvergi kemur fram í gögnum þess, hvað um gámana varð.

Afleiðing þess, sem að framan er rakið, varð sú, að mikið skorti á, er málið var höfðað, að fram lögð gögn væru viðhlítandi. Í stað þess að kosta kapps um úrbætur í því efni, meðan á rekstri málsins stóð, lét stefndi við þetta sitja og lagði málið við svo búið í dóm, eftir að hafa fallið frá kröfum á aðra stefndu en áfrýjanda. Mátti

þó vera ljóst, að málið væri eigi tækt til efnisdóms, eins og það var úr garði gert.

Vegna þessara stórvægilegu annmarka á gagnaöflun og málflutningi í héraði af hálfu stefnda verður ekki hjá því komist að ómerkja ex officio hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins í héraði og vísa málinu frá héraðsdómi.

Rétt er, eins og atvikum öllum er háttað, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur og öll meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og er málinu vísað frá héraðsdómi.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.
